



## 3. bekkur

### Tillögur að leiðarlýsingu fyrir börn í 3. bekk

Skólavefurinn býður upp gott og áhugavert efni fyrir nemendur í 3. bekk grunnskóla og eru foreldrar hvattir til að kynna sér eftirfarandi leiðarlýsingu vel til að eiga auðveldara með að aðstoða börn sín með að tileinka sér efni á vefnum.

Rétt er að taka fram að hér verður einungis stiklað á stóru, en vikið að helstu grunnþáttum sem foreldrar og nemendur geta svo byggt ofan á. Þá viljum við benda á að nýtt efni fyrir þennan aldurshóp kemur inn í hverri viku.

## 1) Krakkasíðan

<http://www.skolavefurinn.is/ opid/ valmynd/krakkar/index.htm>


Krakkasíðan okkar geymir efni sem hentar vel börnum frá 6–10 ára og jafnvel eldri ef út í það er farið. Verkefni eru þó mismunandi eftir aldurshópum. Við munum nú skoða það sem við mælum með fyrir nemendur í 3. bekk grunnskóla. (Hægt er að fara á krakkasíðuna beint af forsíðu með því að smella á tengilinn með því nafni í námsgreinadálkinum til vinstri, en svo er einnig að finna tengil í síðuna lengst til hægri á forsíðunni undir liðnum Áhugavert.)



## Sögur

<http://www.skolavefurinn.is/ opid/ valmynd/krakkar/flokkun/sogur/index.htm>

Á krakkasíðunni er hægt að nálgast fjöldann allan af sögum í alls kyns útfærslum, myndskreyttar og upplesnar. Auk hefðbundinnar vefútgáfu eru sumar boðnar í því sem við köllum flettibókaútgáfu, en þar eiga börnin sjálf að fletta blaðsíðum með músinni. Sögurnar eru myndskreyttar og upplesnar. Að sjálfsgöðu eru allar sögurnar einnig fáanlegar í prentvænni útgáfu.



<http://www.skolavefurinn.is/lokad/kennarar/grunnskoli/islenska/bokmenntir/flettibok/aevintyri/ymis/gullbra og birnirnir thrir/start url.html?literature/islenska/flettibok/aevintyri/ymis/Gullbra og birnir.xml>

## Fróðleikur

<http://www.skolavefurinn.is/ opid/ valmynd/krakkar/flokkun/frodleikur/index.htm>

Hér er hægt að nálgast valda fróðleiksmola úr ýmsum áttum. Eru þeir bæði settir fram í sérstakri útprentanlegri útgáfu, svo og í vefsíðuútgáfu þar sem sums staðar er hægt að teikna með músinni svo eitthvað sé nefnt.

Það er tilvalið að fá börnin til að skoða einn fróðleiksmola í viku hverri. Lauflétt verkefni fylgja hverjum fróðleiksmola. Nýir fróðleiksmolar bætast við með reglulegu millibili.

## Leikir og þrautir



Undir þessum lið á krakkasíðunni er hægt að nálgast fjöldann allan af alls kyns gagnvirkum leikjum og þrautum, sem miða að því að þjálfra ýmsa færniþætti með börnunum og/eða miðla fróðleik. Má þar nefna **minnisleiki** alls konar, leiki þar sem barnið á að **tengja orð við mynd**, **útprentanlegar litabækur**, **púsl**, **dansandi orð** o.fl. Þá er einnig rétt að benda á almennu leikjasíðuna þar sem hægt er að nálgast uppbyggilega þjálfunarleiki á borð við Tetris, Finndu músina, Fúsi flugmaður og marga fleiri leiki.

- **Leikir og þrautir**

<http://www.skolavefurinn.is/ opid/ valmynd/krakkar/flokkun/leikir/index.htm>

- **Að tengja saman orð og mynd**

<http://www.skolavefurinn.is/ opid/daegradvol/leikir/ord og mynd/listgreinar/litir 01/ example.htm>

- **Ýmsir leikir**

<http://www.skolavefurinn.is/ opid/ valmynd/almennt/leikir/index.htm>

- **Litabækur**

<http://www.skolavefurinn.is/ opid/daegradvol/litabok/naturufraedi/liffrædi/dyrin/dyrin 3.pdf>

## 2) Íslenska – Bókmenntir og lestur

Forsíða	
Íslenska	
<b>Bókmenntir og lestur</b>	
<b>hér</b>	1. - 4. bekkur
	5. - 7. bekkur
	8. - 10 bekkur

Til að fara inn í bókmenntir og lestur fyrir þennan aldurshóp smellið þið á íslenska – bókmenntir og lestur og þaðan á 1.–4. bekkur. Síðan færið þið ykkur niður eftir síðunni og skoðið hvað er í boði.

Í bókmenntum og lestri mælum við með að byrjað sé á hinni stórskemmtilegu sögu um þá Egil einhenda og Ásmund berserkjabana. Er hún unnin upp úr Fornaldarsögum Norðurlanda og sameinar þannig menningararfinn, góða skemmtun og gagnlegt nám. Kaflarnir eru 19 og hverjum kafla fylgja góð verkefni og gagnvirkar æfingar sem taka mið af því sem börn í þessum árgangi eiga að kunna samkvæmt námskrá.

## Forsíða Egils sögu einhenda og Ásmundar berserkjabana á vef

[http://www.skolavefurinn.is/\\_opid/islenska/bokmenntir/isl\\_sogur/tegund/nordurlond/sogur/egilssaga\\_einhenda/index.htm](http://www.skolavefurinn.is/_opid/islenska/bokmenntir/isl_sogur/tegund/nordurlond/sogur/egilssaga_einhenda/index.htm)



- 1. kafli Egils sögu einhenda og Ásmundar berserkjabana á vef

[http://www.skolavefurinn.is/\\_opid/islenska/bokmenntir/isl\\_sogur/tegund/nordurlond/sogur/egilssaga\\_einhenda/kaflar/01/index.htm](http://www.skolavefurinn.is/_opid/islenska/bokmenntir/isl_sogur/tegund/nordurlond/sogur/egilssaga_einhenda/kaflar/01/index.htm)

- 1. kafli Egils sögu einhenda og Ásmundar berserkjabana til útprentunar

[http://www.skolavefurinn.is/\\_opid/islenska/bokmenntir/isl\\_sogur/tegund/nordurlond/sogur/egilssaga\\_einhenda/kaflar/01/index.pdf](http://www.skolavefurinn.is/_opid/islenska/bokmenntir/isl_sogur/tegund/nordurlond/sogur/egilssaga_einhenda/kaflar/01/index.pdf)

**Ath!** Við viljum vekja sérstaka athygli á því að flestum sögum og köflum í sögum fylgja góð verkefni og æfingar, hvort heldur er á prenti eða í vefútgáfu. Þar er t.a.m. heilmikil málfræði. Þá eru allar sögurnar upplesnar.

## Sögusafn barnanna Fjölbreyttar sögur með hugleiðingum

[http://www.skolavefurinn.is/opid/islenska/bokmenntir/ymsar\\_sogur/alfarnir\\_og\\_skoari\\_nn/alfarnir\\_og\\_skoarinn\\_index.htm](http://www.skolavefurinn.is/opid/islenska/bokmenntir/ymsar_sogur/alfarnir_og_skoari_nn/alfarnir_og_skoarinn_index.htm)



Eins og fram hefur komið í rannsóknum byggir færni í stærðfræði og þá öðrum skyldum námsgreinum á traustum og góðum lesskilningi. Því leggjum við á Skólavefnum mikla áherslu á að börn þjálf sig í að lesa mikið og vinna með þann lestur á skipulagðan máta. Á hverjum mánudegi bjóðum við því upp á nýja vandaða sögu í vefsíðuútgáfu. Sögurnar eru skemmtilega myndskreyttar og einnig er hægt hlusta á þær upplasar. Hefur þessi liður notið mikilla vinsælda enda er hér um að ræða góðar sögur úr ýmsum áttum sem miða bæði að því að skemmta krökkum og fræða þá um þekktar persónur eða atburði í sögunni.

### 3) Íslenska – Stafsetning og málfræði

#### Málfræði- og stafsetningarsíðan



Eins og við höfum sagt frá fylgir lesköflum og sögum fjöldi verkefna í málfræði, ritun og öðrum þáttum íslenskunnar, en við erum líka með sérstaka síðu þar sem hægt er að nálgast bæði skýringar og æfingar í málfræði og stafsetningu. Forsíðu hennar má sjá hér til hliðar. Tengil í þessa síðu má finna í dálkinum lengst til hægri á forsíðu Skólavefsins.

Af forsíðunni hér til hliðar veljið þið annað hvort málfræði eða stafsetningu og þegar komið er að verkefnum eða æfingunum sjálfum getið þið sótt skýringar á prentformi, æfingar á prentformi og svo æfingar á vefsíðuformi. Stafsetningaræfingarnar eru þannig útbúnar að þær eru upplesnar og eiga nemendur að skrifa valin orð í eyður meðan þeir hlusta.

- Forsíða íslensku málfræði- og stafsetningarsíðunnar

<http://www.skolavefurinn.is/lok/kennarar/grunnskoli/islenska/malfrædi/index.htm>

- Dæmi um gagnvirka stafsetningaræfingu

[http://www.skolavefurinn.is/lokad/kennarar/grunnskoli/islenska/malfrædisidan/stafsetning/lum\\_storan\\_staf\\_4.htm](http://www.skolavefurinn.is/lokad/kennarar/grunnskoli/islenska/malfrædisidan/stafsetning/lum_storan_staf_4.htm)

- Dæmi um gagnvirka málfræðiæfingu

[http://www.skolavefurinn.is/opid/islenska/malfrædi/gagn\\_æfingar/no\\_kyn\\_tala\\_fall/kyn\\_tala\\_fall\\_2.htm](http://www.skolavefurinn.is/opid/islenska/malfrædi/gagn_æfingar/no_kyn_tala_fall/kyn_tala_fall_2.htm)

- Dæmi um útprentanlega skýringu

[http://www.skolavefurinn.is/lokad/kennarar/grunnskoli/islenska/malfrædisidan/stafsetning/n\\_og\\_nn/reglur\\_ad\\_og\\_med\\_n\\_nn\\_.pdf](http://www.skolavefurinn.is/lokad/kennarar/grunnskoli/islenska/malfrædisidan/stafsetning/n_og_nn/reglur_ad_og_med_n_nn_.pdf)

## Réttritunarrýni Stigskipt gagnvirk stafsetning

Ennþá nýrri útfærsla í stafsetningu á vefnum, sem hentar jafnvel betur börnum í 3. bekk, nefnist Ritum rétt. Þetta er heildstæð gagnvirk síða með stigskiptum orðalistum og einföldum setningum. Hvetjum við alla til að skoða hana vel, því það er svo gott að byggja ofan á góðan grunn. Eins og með annað er nauðsynlegt að einhver fullorðinn fylgi börnunum fyrstu skrefin í þessu. Sjá slóð fyrir neðan.

**Dæmi um Stafsetning - Eyðufylling**

**stafsetningaræfingu.**

Smelltu á hlutunina og skrifðu svo í eyðurnar eftir upplýsingum þegar þú hefur lokið við að fylfa í allar eyður smellir þú á skoða til að sjá árangurinn. Ef þú smellir á vistbendingartákninn færðu einn staf uppgefinn í réttu svani, en það dregur úr einkum þínum.

\_\_\_\_\_ frá \_\_\_\_\_ (innritaðist) \_\_\_\_\_ í \_\_\_\_\_ a firmtánda  
ón \_\_\_\_\_ útskrifaðist sem \_\_\_\_\_ fjórum árum síðar og fór þá að læra  
við \_\_\_\_\_ hann var við nám þar hóf hann að  
gefa út blað sem hann kallaði \_\_\_\_\_ blaðið fjótt mjög  
vinsælt og seldist vel \_\_\_\_\_ hafði mikinn áhuga á \_\_\_\_\_ en gekk þó aldrei til  
líos við neirni flokk \_\_\_\_\_ gat fyllt sig við margt í stefnuskránn þeirra flestra, hvort sem þeir hétu  
\_\_\_\_\_ eða \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_ varð fimmþugur ákvað hann að söðla um og seljast að á \_\_\_\_\_  
gerðist hann \_\_\_\_\_ og eftir það var hann  
ávallt kallaður \_\_\_\_\_ þótt hann kynni ekkert með \_\_\_\_\_ að fara.

## Gagnvirkur málfræðigrunnur Stigskiptar æfingar í almennri málfræði

Í málfræði erum við að fara af stað með glæsilega nýjung sem nefnist Íslenskur málfræðigrunnur og tekur fyrir flesta almenna þætti í málfræði sem börn á grunnskólaaldri og í fyrstu bekkjum framhaldsskóla eiga að kunna skil á. Er hann þannig úr garði gerður að nemendur geta valið um eðli verkefnanna út frá völdum textum. Það er t.a.m. hægt að velja að finna öll nafnorð, öll nafnorð í nefnifalli, öll nafnorð í fleirtölu o.s.frv. Munum við byggja málfræðigrunninn upp í allan vetur og kynna jöfnum höndum möguleika hans.







## Stærðfræðipjálfi Gagnvirk stærðfræði með talnagrind til hjálpar


Þá bjóðum við upp á gott gagnvirkt forrit til að þjálfa áðurnefnda grunnfærniþætti í stærðfræði, þ.e. samlagningu, frádrátt, margföldun og deilingu. Til að hjálpa nemendum höfum við útbúið einfalda talnagrind fyrir neðan sjálf dæmin sem getur verið gott að grípa til.



## Gagnvirkt þjálfunarefni til að æfa sig í margföldunartöflunum

[http://www.skolavefurinn.is/lokad/kennarar/grunnskoli/staerdfraedi/yomislegt/margfoldunartafla\\_forrit/margfoldunartafla\\_utgafa1.html](http://www.skolavefurinn.is/lokad/kennarar/grunnskoli/staerdfraedi/yomislegt/margfoldunartafla_forrit/margfoldunartafla_utgafa1.html)

x	1	2	Margföldun				9	10		
1	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
2	2	4				12	14	16	18	20
3	3	6	9	12	15	18	21	24	27	30
4	4	8	12	16	20	24	28	32	36	40
5	5		20	25	30	35	40	45	50	
6	6	12	18	24		Gagnlegt forrit til að				60
7	7	14	21	28	35	42	49	56	63	70
8	8	16	24	32	40	48	56	64	72	80
9	9	18	27	36	45	54	63	72	81	90
10	10	20	30	40	50	60	70	80	90	100



Þá bjóðum við upp á gott gagnvirkt forrit til að þjálfa sig í margföldunartöflunum sem eiga það til að stríða krökkum.

## Skipulagðar gagnvirkar kennslustundir í stærðfræði

[http://www.skolavefurinn.is/lokad/kennarar/grunnskoli/staerdfraedi/ymislegt/margfoldunartafla\\_forrit/margfoldunartafla\\_utgafa1.html](http://www.skolavefurinn.is/lokad/kennarar/grunnskoli/staerdfraedi/ymislegt/margfoldunartafla_forrit/margfoldunartafla_utgafa1.html)

Síðast en ekki síst viljum við benda á kennslustundir okkar í stærðfræði, sem hugsaðar eru fyrir fyrstu bekki grunnskólans. Er þar búið að útbúa samfellt gagnvirkt kennsluefni sem tekur mið af þeim kunnáttuþáttum sem börn á þessum aldri eiga að hafa á valdi sínu. Gott efni sem vert er að gefa gaum að og vinna með skipulögðum hætti heima fyrir.

Þá bjóðum við upp á margvíslega leiki sem tengjast stærðfræðinni, svo og fjölda útprentanlegra hefta sem gott er að vinna í.

## 5) Enska

### Gott efni fyrir byrjendur og lengra komna

Enskan er alltaf að færast neðar í grunnskólanum og því er nauðsynlegt að þjálfra sig vel þar strax í upphafi. Skólavefurinn býður upp á fjölbreytt kennsluefni í ensku fyrir alla aldurshópa, bæði gagnvirkt og útprentanlegt.

Kennslan okkar er að stórum hluta byggð á sögutextum en sögunum fylgja gagnvirkar æfingar af ýmsu tagi, gagnvirkar orðskýringar og upplestur.

Við mælum með eftirfarandi efni fyrir þennan aldurshóp, en þó fer það alltaf eftir því hvaða grunn börnin hafa í ensku hvar best er að byrja.



The screenshot shows a webpage with a blue header and a white content area. The header contains the text 'Enskar sögur úr ýmsum áttum' and 'Tudor and the Dragon'. The content area features a green dragon illustration and text describing the story. The right sidebar contains navigation links such as 'Upplestur', 'Gagnvirkar æfingar', and 'Til útprentunar'.

## Útprentanleg saga með góðum verkefnum:

[http://www.skolavefurinn.is/\\_opid/tungumal/enska/bokmenntir/hofundar/domino\\_boks/byrjendur/2\\_hefti\\_I\\_hluti.pdf](http://www.skolavefurinn.is/_opid/tungumal/enska/bokmenntir/hofundar/domino_boks/byrjendur/2_hefti_I_hluti.pdf)

Við bjóðum upp á gagnvirka leiki til að þjálfra orðaforða í ensku á einfaldan, skemmtilegan og áhrifaríkan hátt.

### Orðaforðaæfing í ensku

[http://www.skolavefurinn.is/lokad/kennarar/grunnskoli/enska/ordafordi/ord\\_og\\_myndir/Atvinna/example.htm](http://www.skolavefurinn.is/lokad/kennarar/grunnskoli/enska/ordafordi/ord_og_myndir/Atvinna/example.htm)

Atvinna 1				
				
a pilot	a broadcaster	a policeman	a walter	an electrician
				
a musician	a gardener	a plumber	a car salesman	a surgeon
				
a truck driver	a veterinarian	a ileivist	a teacher	a secretary
<b>Dæmi um orðaforða æfingur í ensku.</b> ? ? ← →				

Sögurnar okkar eru flestar upplesnar og fylgja þeim gagnvirkar orðskýringar sem hjálpa nemendum að tileinka sér þyngri texta en ella.

Dæmi um sögu á vef með gagnvirkum orðskýringum og æfingum:

[http://www.skolavefurinn.is/\\_opid/tungumal/enska/bokmenntir/hofundar/domino\\_boks/tudor\\_and\\_the\\_dragon/tudor\\_index.htm](http://www.skolavefurinn.is/_opid/tungumal/enska/bokmenntir/hofundar/domino_boks/tudor_and_the_dragon/tudor_index.htm)



Enskar sögur úr ýmsum áttum Dæmi um enskan texta með gagnvirkum æfingum.

Tudor and the Dragon

her at the top of a tall **block of flats**. From his bedroom **window** he could see rows and rows of smoke **pouring from them**.

**big**. It was fun to ride up and down in the lift and he was now just **all** take it start.

erth **delivered**, the postman **dropped** him an **important** letter. It was from **stay** with her for his summer **holiday**.

her and Grandmother lived on a **farm** in North Wales. To get there, you **is**. From his bedroom window, Tudor could see the train as it **approached** as it **reached the station**.

in to the station **to catch** the train. Tudor **felt** very **green** up travelling.

Adhvaletmynd

Uppléstur (væntað.)

Gagnvirkar æfingar

Fylgilyfing

Fjölvalsparnirnar

Orðskýringar

Orðskýringar

Til dæmna

Saga með verkfærum

Setu við verkefnum

## Útprentanleg atriðabundin málfræði- og verkefnahefti


Þá bjóðum við upp á vönduð útprentanleg æfinga- og verkefnahefti í ensku og bætist reglulega við nýtt efni.

Þið nálgist námsefnið í ensku með því að velja ensku í námsgreinadálkinum til vinstri á forsíðu og síðan getið þið valið um lesskilning, orðaforða o.fl.


**The Picnic**

Find the missing words. Choose from.


bus	asleep	ducks	picnic	cakes	sheep
-----	--------	-------	--------	-------	-------




Henry and his mother  
went for a \_\_\_\_\_  
in the country. **Sýnishorn úr útprentanlegu  
verkefnahefti í ensku.**



They saw \_\_\_\_\_  
in a field.



They ate sandwiches  
and \_\_\_\_\_.




Henry's mother  
fell \_\_\_\_\_.

## 6) Undirbúningur fyrir samræmd próf í íslensku og stærðfræði

Í október á hverju ári þreyta börn í 4. bekk samræmd próf í íslensku og stærðfræði þar sem þekking þeirra er könnuð miðað við það sem kveðið er á um í námskrá. Þó svo að niðurstöður prófanna skipti ekki öllu máli fyrir framvindu barnsins í námi, gefur góður árangur í slíkum prófum börnum aukið sjálfstraust og eykur áhugann á að gera enn betur.

Þar sem prófin eru tekin snemma á 4. ári er ágætt að hafa vaðið fyrir neðan sig og undirbúa sig vel strax á 3. ári.

Á Skólavefnum bjóðum við upp á eldri samræmd próf í gagnvirkum búningi sem börnin geta þreytt í hentugum einingum og séð þá hvar þau standa, hvað þarf að bæta o.s.frv.



Sjá allar spurningar í einu.

1 / 20

Hvaða tala er sýnd með þessum kubbum?

Súpaðar spurningar úr öðrum samræmdum prófum

Æfingarspurningar

A. ? 564

B. ? 3164

C. ? 3264

D. ? 5064

**Úr samræmdu prófi í stærðfræði 2004.**

Þá bjóðum við einnig upp á ítarleg þjálfunarnámskeið þar sem tekin eru fyrir öll helstu atriði sem tekin eru til prófs samkvæmt námskrá og getur verið gott að fylgja þeim eftir til að hafa ákveðna reglu á hlutunum.

Þó svo að prófin sjálf séu ólík frá ári til árs eru þættirnir sem prófað er úr að stærstum hluta þeir sömu. Því ætti enginn sem vill ná góðum árangri í þeim að láta þetta efni framhjá sér fara.

 Stafsetning

**Samræmt próf í íslensku fyrir 4. bekk frá árinu 2004.**


Skrifaðu orðin, sem lesin eru upp, í eyðumér hér að neðan. Skrifðu eins vel og þú getur og mundu að gera greinarmun á stórum og litlum staf.

**Úr samræmdu prófi í íslensku 2004.**

1. Í dag er [ ] í góðu [ ]
2. Hún er í heimsókn hjá [ ] sinni á [ ]
3. [ ] konan á litinn bát og þær [ ] til veiða [ ] í fyrramálið.
4. Þær hafa oft [ ] saman aður og [ ] gengið vel.
5. Það gatur verið [ ] að vakna klukkan fimm að [ ]
6. En það reynt þeim [ ] auðvelt þegar [ ] er fram undan.
7. Það er bara [ ] nesi með í [ ] því að sú eldri ræður.
8. [ ] brauð og [ ]
9. Það er sko [ ]
10. Það passar bara elldi að vera í [ ] og borða svo [ ] risl.

## 7) Leikjasíðan

Á leikjasíðunni má svo finna alls kyns skemmtilega leiki fyrir alla aldurshópa, sem allir hafa þann tilgang að þroska ákveðna færniþætti og/eða auka við þekkingu.



**Samlagningarleikurinn**  
Fyrsta stig

Leiðbeiningar:  
Þegar þú hefur svarað náttúrufræðisvörðuninni þú færst 10 stigum í lærdæmi. Sjáðu hvernig þú færst fleiri stig.

Spurning:  
1  
Stig:  
0

Upphafssíða

### Fyrsta þraut

Aumanga Form! Samlagning hefur aðrei verið hans sterkasta fag. Geturðu hjálpað Form, Mýsku og Ljöna að reikna nokkur samlagningardæmi.

4  
+ 7  
[ ] Festa

Dæmi um leik í stærðfræði.

Hér einungis stiklað á stóru og snert á litlu broti af því efni sem er að finna undir hverjum flokki fyrir þennan aldurshóp. Vonandi sýnir þetta þó möguleikana og hjálpar ykkur að feta ykkur áfram um vefinn.

**Góða skemmtun!**

**Hægt er að fá áskrift á  
[www.skolavefurinn.is](http://www.skolavefurinn.is)**

**eða**

**panta áskrift í síma**

**551 6400**